

LISTIR

„AREA“

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

MYNDVERK/
MYNDBÖND
LISTAMENN FRÁ
SUÐUR-AFRÍKU

Opið alla daga frá kl. 10-18. Til 7 janúar 2001. Aðgangur 400 krónur. Sýningarskrá 1.200 krónur.

Það er með sann ekki á hverjum degi að hingað á útskerið slæðist sýnishorn þess sem er að gerast á vettvangi framsækinnna sjónmennta í Suður-Afríku, hafi það þá einhverntíma skeð. Í raun þekkjum við Íslendingar harla lítið til núlista á þessu svæði, jafnvel ekki til myndlistar þjóða sem eru til muna nær okkur. Uppgötvaði sjálfur á athyglisverðri sýningu í Kunstforeningin í Kaupmannahöfn fyrir ári eða svo, að ég hafði fram til þess tíma verið lítt fróður um landslagshéðina í Kanadískri málalísi og eiga þeir þó sína toppa eins og við Ásgrím, Jón Stefánsson og Kjarval, varð furðu lostinn, skoðaði niður kjöllinn í tvígang, og hugsaði að vonum margt. Og nú fyrir skömmu varð mér reikað um sali Schirnsýningahallarinnar í Frankfurt, en þar var að ljúka sýningu á pólskri landslagshéð í nokkrar aldir, sett upp í tilefni bókaupstæfnunnar í október sl., og þar stóð ég líka á gati. Nefna má löndin jaðarþjóðir í myndlist, sem við sjálfir erum út og í gegn, og slíkar þekkingu framlag fjarlæggra stórþjóða iðulega stórum betur en nágranna sinna, til að mynda í Kína, Japan og Suður-Ameríku. Og svo auðvitað myndlistarforstjúpþjóða núlista austan hafs sem vestan, markaðssett í spreng. En ekki getum við með nokkurri sanngirni afskrifað sjónmenntahefð minna þekkra heilda frekar en okkar sjálfra, og má koma hér fram að skáli Kanada á heimssýningunni í Hannover innbar sjónræna opinberun og var í alla staði hámenningarlegur. Kannski ástæðulaust að velta því fyrir sér hver þekking yngri kynslóða á landi hér sé á norrænni málalísi yfirleitt, en við tilhugsunina eina setur að mér hroll.

Hvað frumstæða myndlist Afríkubjóða snertir þekkir heimurinn hana betur en flest annað af því tagi, hún hefur ekki einasta dreifst um allar jarðir heldur eru áhrif hennar meira en sýnileg í núlistum aldarinnar. Þá eru mannfræðisöfn víðast hvar með ríkulegt sýnishorn hennar og fátt er sannari lifun en

að reika um sali þeirra í stórborgunum, ekki síst í París. Lífrænn skúlptúr úr myrkviðum Afríku varð módernistunum borgarinnar ótæmandi uppspretta áhrifa á fyrstu áratugum 20. aldar, sem andsvar við kaldri iðnaðar- og vélaöld. Aftur á móti vita menn víðast hvar harla lítið hver áhrif seinni tíma samtímalist í heiminum hefur haft á afrísk menningarsamfélög, og hér er Suður-Afríka fjarst okkur í álfunni. Sýningunni AREA²⁰⁰⁰, Art Region End of Africa, á Kjarvalsstöðum, er ætlað að bæta hér að nokkru úr vanþekkingu okkar og sanna um leið að samtímalist í vestrænu samhengi hefur einnig náð að festa rætur sunnan miðbaugs. Sýningarstjórnin, Gavin Younge, vinnur á alþjóðavettvangi sem myndhöggvari, rithöfundur, jafnframt skipuleggjandi sýninga og er prófessor við Háskólann í Höfðaborg, þar sem hann kennir höggmyndalist og er jafnframt listrænn ráðgjafi við Ríkislistasafnið í Amsterdam. Hann vinnur sem sagt á alþjóðlegum grunni, tók þátt í höggmyndasýningu í París í ár og hefur haldið einkasýningar í Frakklandi. Einnig má að ósekju nefna hér að annar Afríkubúi, Okwui Enwesor að nafni, hefur verið valinn listrænn stjórnandi og skipuleggjandi Dokumenta 11 í Kassel, sem opnar dyr sínar eftir 19 mánuði. Fróðlegt viðtal við Enwesor er í desemberhefti af, art das Kunstmagasin, Hamborg, sem kom einmitt inn úr dyrunum er ég hóf þessi skrif mín. Enwesor kom til Bandaríkjanna 1982, nam bókmenntir og stjórnmálavísindi í New York, er þannig vel að merkja ekki listsögufraeðingur, en í listheiminum eru menn metnir eftir verkum sínum og stjórnmunarhæfni en ekki fræðititlum. Varð fyrst þekktur fyrir sýningu sem hann skipulagði á afrískum ljósmyndum frá 1940 til nútímans, og haldin var í Guggenheim-safninu í New York, og árið 1997 stóð hann fyrir tvíæringi í Jóhannesarborg, sem stjórnmálamenn snerust gegn. Ýmislegt fleira athyglisvert liggur eftir hann og er að auk í sigti á næstunni. Þá ber jafnframt að geta þess að í sjö manna hópnum, sem er ábyrgur fyrir Dokumenta 11, er einnig Sarat Maharaj frá Suður-Afríku, sem er prófessor í listasögu og listfræði við Goldsmiths College, London, einnig prófessor í listasögu við Humboldt-háskólann í Berlín.

Þetta er tekið með til að það sé alveg á hreinu að Afríkubúar eru að hasla sér völl í listheiminum þótt róðurinn sé víðast þungur í heima-



Terry Kurgan, Tapað fundið, stafræn prentun á silki, 2000.



Nigel Mullins, Hopeful Monsters, litógrafía. Úr myndaröðinni um baráttuna um Grahamstown.

löndum þeirra, blakkir stjórnmálamenn ekki síður glámskyggnir hvítum í þessum efnum víðast hvar og leggja á flotta þegar talið berst að skapandi hugviti.

Það sem sýningin á Kjarvalsstöðum segir okkur helst er að vissulega séu Afríkubúar með á nótunum í núlistum og að ungir eru ekki síður hrifnir af hátækni þar suður frá en hér á útskerinu í norðri. Hins vegar er beinni þekkingu minni á afrískri samtímalist þ.e. frá 1945 til nútímans þann veg farið, að ég hef minni samanburð


en skyldi, trúi þó ekki öðru en að um nokkra breidd sé að ræða, í öllu falli meiri en fram kemur í þessari úttekt. Og í ljósi þess að þetta er fyrsti glugginn sem opnaður er upp á gátt suður þangað hefði mér þótt meira en eðlilegt að frammi lægju hlutlægar bækur og upplýsingar um þróun mála á sviðinu. Margt sem fyrir augu ber gæti svo sem allt eins verið eftir vesturálfubúa sem sótt hafa fong sín til Afríku og um leið kemur tilhneigingin til einsleitrar alþjóðavæðingar einkar vel fram. Alþjóðavæðingar, sem við

þekkjum mætavel er svo er komið, og eru víða að gera sýningaheiminn ískyggilega tormeltan fyrir allan almenning, og svokallaðar nýjungar í myndlistinni helst þreifingar til annarra listforma til hliðar, leikrænna tilburða, hreyfimynda og jafnvel hljóða. Stóru og ríku þjóðirnar gefa hér tóninn og söga hinar smærri til sín líkast svartholi, ekkert má vera þjóðlegt nema það sem þekkjum er innan landamæra þeirra sjálfra, það er hin sannasta og skilvirkasta alþjóðavæðing í þeirra augum. Þá kemur til að mynda nýuppögötað og ævafornt listform frumbyggja Ástralíu, eins og ferskur vindgustur á vit hins opna listnjótanda, jafn nútímalegt og nokkuð annað á listamarkaðinum. Og maður spyr sjálfan sig ósjálfrátt hvort hin stóra og mikla Afríka, vaggja mannkynsins, eigi virkilega enga hliðstæður til áréttingar sérstöðu sinni í núlistum heimsins. Maður freistast til að svara því sjálfur játandi og það eru margar og óþrjúgandi gullnámur að sækja fong til.

Miðlun og heimildasöfnun, communication og dokumentation, er vissulega mál málanna í alþjóðavæðingu myndlistar í dag, og hvortveggi fullgild fong til skapandi athafna. En svo einnig hvítleiðar endurtekningar að ekki sé tekið um klónun, sem er jafn vafasamt fyrirbæri í listum sem í mannheimi. Veigur sýningarinnar þykir mér mestur og upprunalegastur í samvinnuverkefni sagnfræðinga og grafíklistamanna, Egazini, er hermír af baráttunni um Grahamstown. Aðskilnaðarstefnan er vísu orðin að fortíð, ýmsar hliðar hennar þó ennþá nærtækt myndefni, en einnig að ætla mætti fjölmargar hremmingar í sögu heimsálfunnar þar sem hvíti maðurinn kemur hvergi við sögu og umheimurinn hefur haft öllu minni fregnir af.

Það er margt athyglisvert á sýningunni á Kjarvalsstöðum, jafnt gætt óhugnaði sem yndisþokka og maður er þakklátur fyrir að hafa fengið þetta sýnishorn hingað, en þó með nefndum fyrirvara, þá er alltaf jafn misvísandi að setja samasemmerki við aldur og nýjungar í skapandi athöfnun, þótt nú um stundir sé í tízku hjá fræðingum og jafnframt ofrausn að stinga hugtakinu samtímalist að meginhluta í vasa ungra. Fyrirvarinn nær einnig til fræðilegs og tyrfins formála í sýningarskrá, sem er afar einkennandi fyrir skyldar framkvæmdir og höfðar einungis til fárra innvígðra og á helst heima í kennslustofum æðri listaskóla. Þó ber að þakka framtakið í heild sinni með virktum og vissulega eru menn nokkru nær um eina hlið afrískrar listar eftir skoðun sýningarinnar.

Bragi Ásgeirsson



DABO ÍSLAND
Potþétt dekk

BÍLKÓ



DABO ÍSLAND
Potþétt dekk

NÚ ER ÞAÐ SVART!

ÞAÐ ER ALLT ORÐIÐ HVÍTT!

Nú er vetur gengin í garð og tími til komin að setja vetrardekkinn undir bílinn. Hjá BÍLKÓ færðu úrvals vetrardekk af öllum stærðum og gerðum. Spólaðu

ekki í sama farinu! Pantaðu tíma í síma 557 9110 eða komdu við á smiðjuvegi 34-36 og þú færð toppþjónustu á hreint ótrúlegu verði.